Þriðjudaginn 16. janúar 1940.

Nr. 4/1939. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði**
gegn
Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Íshúsfélags Ísfirðinga.

Úrskurður.

Áður en dómur verður lagður á mál þetta þykir rétt að leita í því frekari upplýsinga og verður því með tilvísun til 56. gr. laga nr. 80/1938 að leggja fyrir aðilja máls þessa, að afla fyllri upplýsinga um eftirtalin atriði:

1. Samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, virðast ekki hafa verið skriflegir kjarasamningar milli málsaðilja fyrir 21. maí 1938. Ber því að upplýsa hvort stefnandi hafði í kauptöxtum sínum fyrir nefndan dag ákvæði um vinnu þá, er um er deilt, og ef svo var, skulu kauptaxtarnir lagðir fram.

2. Þá skal það og upplýst, hvort h/f Fiskimjöl á Ísafirði sendi frá sér útflutningsvöru á tímabilinu frá 21. maí 1938 til 20. febr. 1939 og ef svo var, hvort meðlimir verklýðsfélagsins Baldurs unnu að þeirri vinnu, og hvort þar er um svipaða eða hliðstæða aðstöðu að ræða og hjá stefndum í máli þessu.

3. Loks ber að upplýsa, hvenær stefndi byrjaði eftir 21. maí 1938, að greiða „skipavinnukaup“ fyrir að setja útflutningsvörur hans á bíla þá, er fluttu þær til skips, og hvort hann hafði greitt dagvinnukaup fyrir slíka vinnu eftir 21. maí 1938, áður en hann greiddi hana með „skipavinnukaupi“ því, sem hann telur hafa verið greitt í ógáti.

Því úrskurðast:

Aðiljum máls þessa ber að veita upplýsingar um framantalin atriði svo fljótt sem verða má.

Miðvikudaginn 17. janúar 1940.

Nr. 1/1940. **Skipaútgerð ríkisins**
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Matsveina- og veitingaþjónafélags Íslands.

Varadómari cand. jur. Sigurgeir Sigurjónsson í stað Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Ágreiningur út af skilningi á vinnusamningi. Aðiljar deila um það, hvort ákveðið skip skuli teljast til farþegaskipa.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 12. þ. m., af Skipaútgerð ríkisins gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Matsveina- og veitingaþjónafélags Íslands, og gerir stefnandi þær dómkröfur, að viðurkennt verði að 6. gr. samnings milli aðilja máls þessa, dags. 28. maí 1938, skuli eigi talin í gildi að því er snertir e/s Súðina, frá dómsuppsögn að telja, svo lengi sem skipið telst eigi vera farþegaskip, heldur aðeins flutningaskip. Þá krefst hann og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndi krefst algerðrar sýknu og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Tildrög máls þessa og málavextir eru þannig, að í framannefndum samningi milli aðilja máls þessa er svo kveðið á í 6. gr. hans, að „tala veitingafólks á farþegaskipum ríkisins haldist óbreytt frá því, sem verið hefur ...". Þegar e/s Súðin, sem undanfarin ár hefur verið notuð til farþega- og vöruflutninga hér við land, fór með kjötfarm til Noregs s. l. haust, ætlaði stefnandi að fækka þjónustufólki á skipinu, er hann taldi óþarflega margt í slíkri ferð. Stefndi mótmælti þessu, og varð þá að samkomulagi að fækka þjónustufólkinu, en þó svo, að það, sem af skipinu fór hélt venjulegu kaupi og fekk fæðispeninga í landi. Síðan fór Súðin aðra ferð til útlanda, og hélzt þá nefnt samkomulag einnig. En er skrá skyldi